Með því að flutningur líks þessa hefur verið heimilaður eru hin ýmsu yfirvöld í ríkjum þeim, sem flytja á líkið um, beðin að láta það fara óhindrað.

Gjört í

hinn

Undirskrift lögmæts yfirvalds
Opinber stimpill lögmæts yfirvalds

1. Texta 3. og 5. greinar samningsins ber að birta á baksíðu fylgibréfsins.

2. Dánarorsakar ber að geta á ensku eða frönsku eða með kódanúmeri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í alþjóðaflokkunarskrá sjúkdóma.

3. Sé dánarorsakar ekki getið vegna þagmælskuheitis ætti að setja vottorð er sýni dánarorsök í lokað umslag, er fylgi líkinu í flutningi og afhendist lögmætu yfirvaldi í áfangaríkinu. Lokaða umslagið, sem merkt sé þannig að þekkja megi, ber að festa tryggilega við heimildarskjalið.

Ella ætti að geta þess í heimildarskjalinu hvort aðilinn dó af eðlilegum orsökum og úr ósmitnæmum sjúkdómi.

Ef það er ekki tilfellið ætti að gefa til kynna kringumstæður andlátsins eða eðli hins smitnæma sjúkdóms.

The transport of this corpse having been duly authorised, all and sundry authorities of the States over whose territory the corpse is to be conveyed are requested to let it pass without let or hindrance.

Done at .....

on .....

Signature of the competent authority
Official stamp of the competent authority

1. The text of Articles 3 and 5 of the Agreement is to appear on the reserve side of the *laissez-passer*.
2. The cause of death should be stated in English or French or in the numercial WHO code of the international classification of diseases.

3. If cause of death is not stated for reasons of professional secrecy then a certificate indicating the cause of death should be placed in a sealed envelope accompanying the corpse during transport and be presented to the competent authority in the State of destination. The sealed envelope, which shall bear some external indication for identification purposes, shall be securely attached to the *laissez-passer*.
Alternatively, an indication should be made on the *laissez-passer* as to whether the person died of natural causes and of a non-contagious disease.
If this is not the case, the circumstances of the nature of the contagious disease should be indicated.

20. október 1975. Nr. 21.

AUGLÝSING

um nýja alþjóðapóstsamninga.

Hinn 1. janúar 1976 ganga í gildi samningar sem gerðir voru á alþjóðapóstþinginu í Lausanne hinn 5. júlí 1974 og þá undirritaðir af Íslands hálfu.

Samningarnir eru þessir:

1. Önnur viðbótarlokabókun Stofnskrár Alþjóðapóstsambandsins
2. Almenn reglugerð fyrir Alþjóðapóstsambandið ásamt lokabókun hennar
3. Alþjóðapóstsamningurinn ásamt lokabókun hans og starfsreglugerð
4. Samningur um bréf með tilgreindu verði ásamt lokabókun hans og starfsreglugerð
5. Samningur um póstbögglа ásamt lokabókun hans og starfsreglugerð
6. Samningur um póstávísanir og ferðapóstávísanir ásamt starfsreglugerð hans
7. Samningur um póstgíróþjónustu ásamt starfsreglugerð hans
8. Samningur um póstkröfusendingar ásamt starfsreglugerð hans.

Utanríkisráðuneytið í Bern staðfesti móttöku fullgildingarskjals Íslands vegna ofangreindra samninga hinn 8. október 1975.

Samningar þessir koma í stað eldri samninga sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum C-deild nr. 5 frá 30. mars 1971.

Hinir nýju samningar eru samkvæmt venju gefnir út sérstaklega á vegum póst- og símamálastjórnarinnar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. október 1975.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Nr. 22. 27. nóvember 1975.

AUGLÝSING

um tvísköttunarsamning milli Íslands og Bandaríkja Ameríku.

Hinn 26. nóvember var í Washington skipst á fullgildingarskjölum vegna samnings milli Íslands og Bandaríkja Ameríku til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, sem undirritaður var í Reykjavík 7. maí s. l.

Samningurinn tekur gildi hinn 1. janúar 1976.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 27. nóvember 1975.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal

SAMNINGUR
milli
Lýðveldisins Íslands
og
Bandaríkja Ameríku
til

að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir.

Ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands

og

ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku,

sem eru ásáttar um að gera með sér samning til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

Annex

CONVENTION
between
the United States of America
and
the Republic of Iceland
for

the avoidance of double taxation and the prevention of fiscal evasion with respect to taxes on income and capital

The Government of the United States of America

and

the Government of the Republic of Iceland,

desiring to conclude a convention for the avoidance of double taxation and the prevention of fiscal evasion with respect to taxes on income and capital,

Have agreed as follows: